



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Eftirlitsnefnd með
fjármálum sveitarfélaga

stjornarradid.is

Innviðaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 27. nóvember 2023

Tilv.: IRN23010112/4.11.1

Efni: Sveitarfélagið Árborg

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) hefur borist bréf innviðaráðuneytisins vegna erindis Sveitarfélagsins Árborgar, dags. 8. nóvember 2023, sem fylgdi bréfinu. Erindi sveitarfélagsins er beiðni um heimild til að leggja álag á útsvör fyrir árið 2024 á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Fram kemur í bréfi Árborgar að þetta sé í samræmi við aðgerðaráætlun sveitarfélagsins sem send var EFS í júlí 2023. Eitt þeirra viðmiða sem byggt er á í aðgerðaráætluninni er nýting á heimild til beitingu álags á hámarksútsvar árin 2024 og 2025 sem áætlað er að skili 800-900 m.kr. auknum útsvarstekjum, hvort ár.

EFS átti fund með fulltrúum Sveitarfélagsins Árborgar þann 2. nóvember sl. þar sem efni fundarins var vinna sveitarfélagsins við fjárhagsáætlun 2024-2027 ásamt því að fara yfir 9 mánaða uppgjör og drög að sviðsmyndum fyrir fjárhagsáætlun 2024. EFS hefur yfirfarið gögnin sem lögð voru fram á fundinum ásamt því að fara yfir aðgerðaráætlunina sem send var til EFS í júlí sl.

Samkvæmt gögnum þá sýnir útkomuspá 2023 að gert er ráð fyrir talsverðum halla líkt og undanfarin ár, bæði fyrir A- hluta og A- og B-hluta. Skuldir halda áfram að aukast á árinu 2023 og verður skuldaviðmið samstæðunnar um 165% í lok árs. Sú sviðsmynd sem gerir ráð fyrir óbreyttri álagningu fyrir fasteignaskatta og útsvar sýnir áframhaldandi mikinn halla og að skuldaviðmiðið haldi áfram að hækka. Í þeirri sviðsmynd er búið að gera ráð fyrir aðgerðum á útgjaldahlíð en ljóst er að gera þarf ráðstafanir til að auka tekjur til að ná jafnvægi í rekstri.

Bæjarstjórn hefur gert ráð fyrir að hækka álagningu fasteignaskatta og útsvars sem mun samkvæmt sviðmyndinni skila um 1 ma.kr. í auknar tekjur. Jafnframt sýnir sviðsmyndin að gangi forsendur eftir verði rekstarniðurstaðan nálægt núlli árið 2024. Ljóst er að lítið svigrúm er í rekstrinum til að áætlunin um jafnvægi í rekstri gangi eftir. Áætluð tekjuaukning er rétt að duga fyrir áætluðum útgjöldin og er því um að ræða lágmarks hækkun á tekjum til að uppfylla viðmið um jákvæða rekstrarniðurstöðu. Að setja 10% álag á útsvar er því algjört lágmark, að mati nefndarinnar, miðað við þær forsendur sem koma fram í sviðmyndinni.

EFS hefur yfirfarið aðgerðaáætlun fyrir Sveitarfélagið Árborg sem send var nefndinni í júlí 2023. Mikilvægt er að bæta framlegð frá rekstri og samkvæmt aðgerðaáætluninni er lágmarksviðmiðum EFS náð fyrir samstæðuna, á árinu 2024 að teknu tilliti til fyrrgreinds álags á útsvarstekjum, sem er jákvætt. Aftur á móti er framlegðarhlutfallið fyrir A-hluta fyrir neðan lágmarksviðmið. EFS leggur áherslu á að sveitarfélagið þarf að leita allra leiða til að bæta framlegð sem miðar að því að geta staðið undir afborgunum lána og fjármagnskostnaði og er beiðnin um álag á útsvar nauðsynlegur liður í því. Almenn séð telur EFS aðgerðaáætlunina góða stefnu til ársins 2026, en leggur áherslu á gerð langtímaáætlunar

sem sýnir framtíðarhorfur að loknu álagstímabili útsvara.

Í ljósi gagna málsins þá telur EFS rétt og nauðsynlegt að fallist verði á beiðni bæjarstjórnar um að leggja 10% álag á útsvar fyrir árið 2024 til að bæta fjárhagsstöðuna.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Þórir Ólafsson
formaður

Gústav Aron Gústavsson